

## Stjórn Sorpu bs.

Ár 2018, föstudaginn 13. apríl, var haldinn 388. stjórnarfundur Sorpu bs. á skrifstofu byggðasamlagsins og hófst hann kl.07:30. Fundarstjóri: Halldór Auðar Svansson stjórnarformaður. Viðstödd :Halldór Auðar Svansson stjórnarformaður, Guðmundur Geirdal, Bjarni Torfi Alfbórsson, Sturla Þorsteinsson, Einar Birkir Einarsson og Hafsteinn Pálsson. Rósa Guðbjartsdóttir og Kolbrún Þorsteinsdóttir boðuðu forföll. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð. Gestir fundarins undir lið 1 voru Einar Thor Bjarnason og Kristján Einarsson frá Intellecta.

### Tekið fyrir:

1. Einar Thor Bjarnason og Kristján Einarsson frá Intellecta kynntu niðurstöður sjálfsmats stjórnar og mat stjórnar á störfum framkvæmdastjóra en hvoru tveggja var unnið með aðstoð Intellecta. Málið rætt. Starfsmenn SORPU viku af fundi meðan fjallað var um mat á störfum framkvæmdastjóra. Stjórnarformanni falið að fara yfir matið með framkvæmdastjóra.
2. Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu í samningskaupaviðræðum um byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar.
3. Framkvæmdastjóri kynnir minnisblað rekstrarstjóra endurvinnslustöðvanna vegna samninga um móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi af endurvinnslustöðvunum. Málið rætt. Stjórn felur framkvæmdastjóra að framlengja samninga við Efnamóttökuna og Efnarás um eitt ár en hefja skal undirbúning mögulegs útboðs.
4. Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dagsett 5. apríl 2018 vegna starfsleyfis og undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðun í Álfsnesi sem fellur úr gildi þann 24. október 2018. Málið rætt. Framkvæmdastjóra og stjórnarformanni falið að fá fund með Umhverfisstofnun.
5. Aðalfundur Metan ehf. hefur verið boðaður þriðjudaginn 24. apríl nk. kl. 12:00. Stjórn felur formanni stjórnar SORPU bs. að fara með atkvæði á aðalfundi félagsins.
6. Stjórnarformaður greinir frá fundi með stjórnarformanni Sorpeyðingarstöðvar suðurnesja sf. þann 22. mars sl. þar sem viljayfirlýsing sú sem til umræðu var á stjórnarfundum SORPU bs. þann 7. mars sl. var undirrituð. Viljayfirlýsingin er þannig:

Kröfur er varða meðferð úrgangs verða sífellt flóknari og strangari. Því er mikilvægt að stöðugt sé leitað hagkvæmra og umhverfisvænna leiða við meðhöndlun úrgangs. Úrgangur er málefni allra og því nauðsynlegt að aðilar sem sinna úrgangsmálum á vegum sveitarfélaganna og sinna þar með lagaskyldu, sameinist um lausnir eins og kostur er. Þannig verði hámarks hagkvæmni náð um leið og sem minnst umhverfisleg áhrif úrgangsmeðhöndlunar verða tryggð. Stjórnir SORPU bs. og Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf., lýsa þess vegna yfir ríkum vilja til að vinna enn frekar að sameiningarmálum þessara félaga með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.

7. Framkvæmdastjóri kynnir samning við SOS um móttöku úrgangs af Suðurlandi sem gildir út aprílmánuð 2018. Stjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leyti með eftirfarandi bókun:

Lengi hefur verið ljóst að öll urðun í Álfsnesi verður aflögð fyrir árslok 2020 í samræmi við ákvæði eigendasamkomulags SORPU bs. Í staðinn verður byggð gas- og jarðgerðarstöð sem tekur við lífrænum úrgangi og ekkert verður því til fyrirstöðu að hún haldi áfram að þjóna Suðurlandi, rétt eins og urðunarstaðurinn í Álfsnesi hefur gert frá árinu 2009, þrátt fyrir að urðunarstað höfuðborgarsvæðisins bæri í raun engin skylda til slíks. Hins vegar verður jafnframt að finna lausn á urðun á óvirkum úrangi til framtíðar og er þar um sameiginlegt hagsmunamál SORPU og SOS að ræða. Brýnt er að SOS hraði sem kostur er viðræðum við Ölfus um hugsanlegan urðunarstað í sveitarfélaginu svo að innan mánaðar liggi fyrir hvort SORPA þurfi að huga að öðrum lausnum. Augljóslega verður

SORPA að endurskoða afstöðu til móttöku úrgangs af Suðurlandi ef ekki kemst hreyfing á málin, hvort sem er í samstarfi við Ölfus eða aðra möguleika á Suðurlandi.

8. Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 25. apríl kl. 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir.

**Fundi slitið kl. 09:15**

Halldór Auðar Svansson

Sturla Þorsteinsson  
Hafsteinn Pálsson  
Guðmundur Geirdal

Einar Birkir Einarsson  
Bjarni Torfi Álfþórsson